

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sem tekur við af fyrri skipulagsskrá, sbr. 1. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Austur-Landeyjahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, hvern skráðan íbúa, hvert sumarhús og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Austur-Landeyjahrepps. Gjaldið skal innheimt sérstaklega með gjalddaga 1. september ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir, sumarhús og fyrirtæki	sorphirðugjald	kr.	2 500
B) Sérhver skráður íbúi	“	“	500

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 25. maí 1994.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.